

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/959****2018/EES/7/53**

frá 24. febrúar 2017

um flokkun á nothæfi að því er varðar lárétta botnfellingu og skammtímavatsdrægni varmaeinangrunarvara sem mótaðar eru á notkunarstað úr lausum sellulósa (LFCI) samkvæmt EN-staðli 15101-1 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 27. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Ef framkvæmdastjórnin hefur ekki ákveðið nothæfisflokka að því er varðar mikilvæga eiginleika byggingarvara, skv. 2. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 305/2011, geta evrópskar staðlastofnanir ákveðið þá, en einungis á grundvelli endurskoðaðs umboðs.
- 2) Evrópski vörustaðallinn EN 15101-1 fyrir varmaeinangrunarvörur, sem mótaðar eru á notkunarstað úr lausum sellulósa (LFCI), inniheldur flokkanir á nothæfi að því er varðar tvo mikilvæga eiginleika þeirra, botnfellingu fyrir lárétta notkun, loft og gólf, sem og fyrir skammtímavatsdrægni. Þessi flokkunatriði eru skref fram á við fyrir sameiningu innri markaðarins fyrir umræddar vörur.
- 3) Ekki hefur verið gefið út endurskoðað umboð fyrir þessar nýju flokkanir.
- 4) Því ætti að koma á fót nýjum flokkunarkerfum til notkunar fyrir vörur sem falla undir EN-staðal 15101-1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Nothæfi varmaeinangrunarvara, sem mótaðar eru á notkunarstað úr lausum sellulósa (LFCI), skal, í tengslum við mikilvæga eiginleika þeirra, botnfellingu fyrir lárétta notkun, loft og gólf, sem og skammtímavatsdrægni, flokkað í samræmi við flokkunarkerfin sem sett eru fram í viðaukanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2017, ESB L 145, 8.6.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 233/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stj. 2011, ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. febrúar 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Tafla 1

Flokkar fyrir botnfellingu fyrir lárétta notkun, loft og gólf

Flokkur	
SH 0	Engin mælanleg botnfelling ($\leq 1\%$)
SH 5	$\leq 5\%$
SH 10	$\leq 10\%$
SH 15	$\leq 15\%$
SH 20	$\leq 20\%$
SH 25	$\leq 25\%$
SH 30	$> 25\%$

Tafla 2

Flokkar skammtíavatnsdrægni

Flokkur	
WS 1	$\leq 1,0 \text{ kg/m}^2$
WS 2	$\leq 2,0 \text{ kg/m}^2$
WS 3	$> 2,0 \text{ kg/m}^2$